

Rangárping eystra

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 28

Rangárþing eystra
kennitala: 470602-2440
Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Heildarvelta sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta 2024 nemur 3.731 m.kr. og er 186 m.kr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals nema 1.912 m.kr. og eru 49 m.kr. yfir áætlun. Samtals eru rekstrartekjur A hluta 3.455 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.282 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um fjárhæð 410 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 144 m.kr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er jákvæð um fjárhæð 520 m.kr. og er afkoman 334 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi ársverka á árinu var 124.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Íbúafjöldi Rangárbings eystra 1. janúar 2025 var 2.073 en var þann 1. janúar 2024 2.007. Íbúum fjölgaði um 66.

Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2024 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 25. apríl 2025

Sveitarstjóri:

Byggðaráð:

Ársreikningur Rangárbings eystra fyrir árið 2024 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvolsvelli, 15. maí 2025

Sveitarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Rangárþings eystra fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar.
- Rekstrarreikning ársins 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Sjóðstreymi ársins 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglu sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglu.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla sveitarstjórnar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla sveitarstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu sveitarstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun sveitarstjóra, byggðaráðs og sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Hvolsvelli, 15. maí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ólafur Gestsson
löggtur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
		2024	Fjárh.áætl.	2023	2024	Fjárh.áætl.	2023
Rekstrartekjur	2						
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		1.916.593	1.866.534	1.705.705	1.911.565	1.862.159	1.701.185
Framlög jöfnunarsjóðs		907.964	624.920	847.495	907.964	624.920	847.495
Þjónustutekjur og aðrar tekjur		630.815	790.640	435.790	911.155	1.058.018	646.051
		<u>3.455.372</u>	<u>3.282.094</u>	<u>2.988.991</u>	<u>3.730.684</u>	<u>3.545.096</u>	<u>3.194.732</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	3	1.708.250	1.614.139	1.459.924	1.764.493	1.665.988	1.507.024
Breyting lífeyrisskuldbindingar	12	29.148	63.106	37.438	29.148	63.106	37.438
Annar rekstrarkostnaður		1.068.876	1.147.871	992.024	1.132.756	1.272.001	1.046.476
		<u>2.806.274</u>	<u>2.825.117</u>	<u>2.489.386</u>	<u>2.926.397</u>	<u>3.001.095</u>	<u>2.590.938</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		649.098	456.977	499.605	804.287	544.001	603.793
Afskriftir	6	(145.926)	(170.866)	(113.109)	(171.418)	(197.017)	(144.121)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		503.172	286.111	386.496	632.869	346.984	459.672
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	(93.627)	(141.775)	(143.376)	(112.030)	(160.093)	(170.673)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta		409.545	144.336	243.119	520.839	186.891	288.999
Skattar	14	0	0	0	(1.183)	(1.000)	(952)
Rekstrarniðurstaða	5	<u>409.545</u>	<u>144.336</u>	<u>243.119</u>	<u>519.656</u>	<u>185.891</u>	<u>288.047</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningskil A og B hluti	
		2024	2023	2024	2023
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir		4.301.850	4.126.864	4.488.798	4.286.856
Gatna - og veitukerfi		358.736	384.611	435.550	460.436
Vélar, áhöld og tæki		121.610	117.234	170.851	166.782
		4.782.197	4.628.708	5.095.199	4.914.073
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	7	237.135	237.136	213.986	219.260
Langtímakröfur	8	5.531	5.321	6.187	6.060
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	8	14.726	18.343	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	9	117.137	122.961	117.137	122.961
		374.529	383.761	337.310	348.281
Fastafjármunir samtals		5.156.726	5.012.470	5.432.509	5.262.355
Veltufjármunir					
Birgðir		3.624	3.925	3.624	3.925
Óinnheimtar skatttekjur		201.224	178.420	201.224	178.420
Næsta árs afb. eigin fyrirtækja	8	4.492	4.103	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	9	5.825	5.825	5.825	5.825
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		128.834	95.961	0	0
Aðrar skammtímakröfur		118.873	172.888	140.211	190.677
Handbært fé		658.418	78.645	724.011	113.230
		1.121.290	539.765	1.074.893	492.077
Eignir samtals		6.278.016	5.552.235	6.507.402	5.754.431

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

		Sveitarsjóður A-hluti		Samantekin reikningsskil A og B hluti	
Eigið fé og skuldir	Skýr.	2024	2023	2024	2023
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	11	3.611.984	3.143.581	3.900.909	3.322.866
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	12	302.135	290.867	302.135	290.867
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	13	1.390.381	1.444.749	1.653.435	1.732.209
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		235.743	117.696	241.425	117.696
Næsta árs afb. langtímaskulda	13	121.198	93.023	140.375	111.769
Næsta árs afb. lífeyrisskuldb.	12	12.101	13.626	12.101	13.626
Skuldir við eigin fyrirtæki		361.344	288.511	0	0
Aðrar skammtímaskuldir		243.130	160.183	257.023	165.399
		973.515	673.039	650.923	408.490
Skuldir og skuldbindingar samtals		2.666.032	2.408.655	2.606.493	2.431.565
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.278.016</u>	<u>5.552.235</u>	<u>6.507.402</u>	<u>5.754.431</u>
Aðrar upplýsingar	9, 14-21				

Sjóðstreymi ársins 2024

	Sveitarsjóður A-hluti			Samantekin reikningsskil A og B hluti		
	2024	Fjárh.áætl.	2023	2024	Fjárh.áætl.	2023
Rekstrarhreyfingar						
Hreint veltufé frá rekstri:						
Rekstrarniðurstaða	409.545	144.336	243.119	519.656	185.891	288.047
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	145.926	170.866	113.109	171.418	197.017	144.121
Verðbætur	69.020	85.684	103.273	84.111	103.438	128.771
Söluhagnaður/sölutap eigna	(102.211)	(111.500)	(3.146)	(124.482)	(134.000)	(5.370)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	23.324	63.106	31.613	23.324	63.106	31.613
Breyting tekjuskattsinnægnar	0	0	0	83	0	84
Aðrir liðir	(10)	0	(10)	5.142	0	(10)
	<u>545.593</u>	<u>352.492</u>	<u>487.959</u>	<u>679.251</u>	<u>415.452</u>	<u>587.256</u>
 Breytingar á rekstart. eignum og skuldum						
Birgðir	277	0	19	277	0	19
Önnheimtar skatttekjur	(24.542)	0	(14.265)	(24.542)	0	(14.265)
Aðrar skammtímakröfur	87.591	0	32.167	102.598	0	31.472
Fyrirframgreitt framlag til Brúar	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Skammtímaskuldir	169.289	0	(18.236)	165.079	0	(25.417)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(14.556)	(7.000)	(10.199)	(14.556)	(7.000)	(10.199)
	<u>223.884</u>	<u>(1.175)</u>	<u>(4.690)</u>	<u>234.680</u>	<u>(1.175)</u>	<u>(12.566)</u>
 Handbært fé frá rekstri	<u>769.477</u>	<u>351.317</u>	<u>483.269</u>	<u>913.932</u>	<u>414.277</u>	<u>574.690</u>
 Fjárfestingahreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstarfj.	(330.617)	(347.149)	(1.037.822)	(394.200)	(416.653)	(1.059.416)
Söluverð seldra rekstarfj.	118.023	120.000	9.997	149.903	152.500	16.541
Gatnagerðargjöld	74.951	71.000	65.397	74.951	71.000	65.397
Langtímakröfur breyting	(237)	0	(149)	(237)	0	(149)
Langtímakr. eigin fyrirtæki, breyting	4.295	3.882	3.911	0	0	0
	<u>(133.585)</u>	<u>(152.267)</u>	<u>(958.665)</u>	<u>(169.582)</u>	<u>(193.153)</u>	<u>(977.627)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	0	200.000	327.446	0	200.000	327.446
Afborganir langtímalána	(95.587)	(112.804)	(101.650)	(132.831)	(132.427)	(120.092)
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting	39.960	34.628	64.352	0	0	0
Önnur skammtímafjárm., breyting	0	(30.000)	0	0	(30.000)	0
	<u>(55.627)</u>	<u>91.824</u>	<u>290.147</u>	<u>(132.831)</u>	<u>37.573</u>	<u>207.354</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	<u>580.264</u>	<u>290.874</u>	<u>(185.249)</u>	<u>611.519</u>	<u>258.697</u>	<u>(195.583)</u>
 Handbært fé í ársbyrjun	78.645	78.645	264.288	113.230	113.230	309.278
Breytt eignarhald samrekstrarfélaga	(491)		(394)	(738)		(465)
Handbært fé í árslok	<u>658.418</u>	<u>369.519</u>	<u>78.645</u>	<u>724.011</u>	<u>371.927</u>	<u>113.230</u>

Aðrar upplýsingar

9, 14-21

Skýringar

1. Helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Upplýsingar um sveitarfélagið

Rangárþing eystra er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 2.073 þann 1. janúar 2025. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurvegi 4 á Hvolsvelli. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustustöð, auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samrekstrarfélögum. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Rangárþings eystra, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Vatnsveita, Hitaveita og Fráveita, auk hlutdeildar í samrekstrarfélögum.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðarsamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagsform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins.

Þau félög sem falla undir ofangreinda skilgreiningu eru: Bergisinn bs., Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., Byggðasafnið í Skógum, Héraðsnefnd Rangæinga, Tónlistarskóli Rangæinga bs., Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. og Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hlutdeild í samrekstrarfélögum og er gerð grein fyrir þeim í skýringu 16.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.3 Samantekin reikningsskil

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samantekinna reikningsskila (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

1.4 Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur vegna gatnagerða- og tengigjalda eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði fjárfestingar í gatna- og veitukerfum.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

Skýringar

1.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

1.6 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

Fasteignir	25 - 40 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Afskriftir eru reiknaðar á söluári en ekki á kaupári.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarmiðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávík að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávík talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

1.7 Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýmnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Hlutdeild í samrekstrarfélögum er færð á einstaka liði rekstrar og efnahags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins.

1.8 Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Langtímakröfur á eigin fyrirtæki eru bundin vísitölu neysluverðs. Reiknaðir vextir eru 4,5%.

Tekjuskattsinneign er færð meðal langtímakrafna, sjá nánar í skýringu 14.

Skýringar

1.9 Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar er færð til eignar og frá og með árinu 2018 er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum og framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum. Er þetta gert í samæmi við ákvæði reglugerðar 212/2015.

1.10 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

1.11 Önnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Önnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf, eru færð á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

1.12 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum. Yfirdrættir á bankareikningnum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.13 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

1.14 Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2024. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu nr. 12.

1.15 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

1.16 Fyrirframinnheimtar tekjur

Mótteknir styrkir sem ekki hefur verið framkæmt fyrir eru færðir til skuldar sem fyrirframinnheimtar tekjur.

1.17 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

1.18 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 20 og 21.

Skýringar

2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2024	Áætlun	2024	Áætlun
Skatttekjur:				
Útsvör	1.569.440	1.510.219	1.569.440	1.510.219
Fasteignaskattar	315.406	323.694	310.378	319.319
Lóðarleiga	31.747	32.621	31.747	32.621
	1.916.593	1.866.534	1.911.565	1.862.159
 Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Útgjalda jöfnunarframlag	370.467	366.118	370.467	366.118
Framlag vegna grunnskóla	75.104	68.772	75.104	68.772
Framlag vegna lækkunar fasteignaskatta	168.544	163.578	168.544	163.578
Önnur framlög	293.849	26.452	293.849	26.452
	907.964	624.920	907.964	624.920
 Skatttekjur samtals	2.824.557	2.491.454	2.819.529	2.487.079
 Aðrar tekjur	630.815	790.640	911.155	1.058.018
 Rekstrartekjur samtals	3.455.372	3.282.094	3.730.684	3.545.096

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2024	Áætlun	2024	Áætlun
Laun	1.128.677	1.137.193	1.128.677	1.137.193
Mótframlag í lífeyrissjóð	147.388	142.828	147.388	142.828
Önnur launatengd gjöld	230.216	121.953	230.216	121.963
Áhrif samrekstrarfélaga	201.969	212.166	258.212	264.005
Laun og launatengd gjöld	1.708.250	1.614.139	1.764.493	1.665.988
Breyting lífeyrisskuldb. (sjá skýr. 12)	29.148	63.106	29.148	63.106
Laun og launatengd gjöld með lífeyrissk.	1.737.398	1.677.245	1.793.641	1.729.094
			2024	2023
Fjöldi stöðugilda í árslok			124	116
Ársverk			124	120

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 46 mkr. á árinu 2024 til samanburðar við 42 mkr. á árinu 2023.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil	
	2024	Áætlun	2024	Áætlun
Vaxtatekjur og verðbætur	29.485	1.796	29.492	1.796
Tekjur af eignarhlutum	173	0	173	0
Fjármagnstekjuskattur	(6.679)	0	(6.679)	0
Vaxtagjöld og verðbætur	(107.588)	(129.183)	(122.320)	(146.374)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(7.230)	(6.728)	0	0
Áhrif samrekstrarfélaga	(1.789)	(7.660)	(12.697)	(15.515)
	(93.627)	(141.775)	(112.030)	(160.093)

5. Heildaryfirlit um rekstur

	Gjöld	Tekjur	Niðurstaða	Áætlun
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	0	2.603.782	2.603.782	2.528.674
Félagsþjónusta	204.305	41.782	(162.523)	(179.562)
Heilbrigðismál	3.008	0	(3.008)	(2.915)
Fræðslu- og uppeldismál	1.578.242	99.276	(1.478.967)	(1.367.543)
Menningarmál	221.250	41.570	(179.680)	(182.173)
Æskulýðs- og íþróttamál	325.101	74.926	(250.175)	(274.896)
Brunamál og almannavarnir	41.647	678	(40.969)	(42.760)
Hreinlætismál	79.412	73.058	(6.354)	(10.291)
Skipulags- og byggingarmál	97.534	58.901	(38.633)	(56.513)
Umferðar- og samgöngumál	56.129	4.338	(51.791)	(63.584)
Umhverfismál	53.770	11.218	(42.552)	(65.889)
Atvinnumál	40.629	23.305	(17.324)	(26.681)
Sameiginlegur kostnaður	327.844	14.684	(313.160)	(288.571)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	26.641	0	(26.641)	(61.323)
Fjármagnsliðir	14.521	95.026	80.505	58.450
Aðalsjóður samtals	3.070.033	3.142.543	72.510	(35.577)
Eignasjóður	415.594	734.075	318.481	184.847
Þjónustustöð	139.479	91.887	(47.592)	(11.843)
Samrekstrarfélög A hluta	553.800	619.946	66.146	6.909
Millifærslur í A hluta	(1.038.053)	(1.038.053)	0	0
Sveitarsjóður samtals	3.140.853	3.550.398	409.545	144.336
Félagslegar íbúðir	17.026	14.855	(2.170)	(5.750)
Leiguíbúðir	16.622	36.379	19.757	20.473
Vatnsveita	49.027	85.617	36.590	2.510
Skógaveitan	1.100	3.012	1.912	2.016
Fráveita	32.444	62.654	30.210	26.152
Samrekstrarfélög B hluta	128.961	152.774	23.813	(3.846)
Millifærslur í B hluta	(79.979)	(79.979)	0	0
Sjóðir í B-hluta samtals	165.201	275.312	110.111	41.555
Samantekin reikningsskil samtals	3.306.054	3.825.710	519.656	185.891

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

Sveitarsjóður:	Fasteignir og lóðir	Gatna- kerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun	5.707.432	481.389	287.724	6.476.544
Afskrifað samtals í ársbyrjun	(1.580.568)	(96.778)	(170.490)	(1.847.836)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.126.864	384.611	117.234	4.628.708
Viðbót á árinu	236.902	68.107	25.608	330.617
Innheimt gatnagerðagjöld	0	(74.798)	0	(74.798)
Innheimt þátttaka í kostnaði	0	(154)	0	(154)
Endurmat lóða skv. álit 2/2010	55.617	0	0	55.617
Matsbreyting fasteigna*	6.513	0	0	6.513
Selt á árinu	(15.742)	0	(70)	(15.811)
Afskrifað á árinu	(105.835)	(19.030)	(21.062)	(145.926)
Áhrif eignarhalds samrekstrarfélaga	(2.469)	0	(100)	(2.569)
Bókfært verð í árslok	4.301.850	358.736	121.610	4.782.197

Bókfært verð í árslok greinist þannig:

Kostnaðarverð	5.903.873	474.545	312.324	6.690.742
Afskrifað samtals	(1.602.023)	(115.808)	(190.714)	(1.908.545)
Bókfært verð í árslok	4.301.850	358.736	121.610	4.782.197

Samantekin reikningsskil:	Fasteignir og lóðir	Gatna- og veitukerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð í ársbyrjun	6.084.951	961.236	403.721	7.449.908
Afskrifað samtals í ársbyrjun	(1.798.095)	(500.800)	(236.940)	(2.535.834)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.286.856	460.436	166.782	4.914.073
Viðbót á árinu	285.344	75.070	35.550	395.964
Innheimt gatnagerða- og tengigjöld	0	(76.562)	0	(76.562)
Innheimt þátttaka í kostnaði	0	(154)	0	(154)
Endurmat lóða skv. álit 2/2010	55.617	0	0	55.617
Matsbreyting fasteigna*	6.513	0	0	6.513
Selt á árinu	(25.351)	0	(70)	(25.421)
Afskrifað á árinu	(117.220)	(23.239)	(30.958)	(171.418)
Áhrif eignarhalds samrekstrarfélaga	(2.960)	0	(453)	(3.413)
